

EFTIRLITSSKÝRSLA

Brim Akranesi Akranes



| | | | |
|---------------------|--------------------------|-------------------------|-------------------------|
| Dags eftirlits | 6.5.2024 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Freyr Ævarsson |
| Fyrirtæki | Brim Akranesi | Eftirlitsmaður | Freyr Ævarsson |
| Heimili | Hafnarbraut 2-4 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 5411850389 | Flokkur | Fiskimjölverksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Gísli Lyngdal Karvelsson | ÍSAT nr. | 15.20.7 Mjöl og lýsisv. |
| Fulltrúi fyrirtækis | Jörgen Sverrisson | Staðsetning | 350582,068 427101,867 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Grænu bókhaldi var ekki skilað fyrir 1. maí 2024. 2) Útstreymisbókhaldi var ekki skilað fyrir 1. maí 2024. 3) Niðurstöður TVN-mælinga hafa ekki borist í samræmi við kröfur í starfsleyfi. 4) Niðurgrafnar olíulagnir hafa ekki verið þrýstiprófaðar síðan árið 2015. 5) Saltpéturssýra og sódi eru geymd nálægt opnu niðurfalli. Fjórar ábendingar voru gerðar: 1) Skoða þarf forsendur útreikninga á magni COD og svifagna í frárennsli. 2) Niðurstöðum frárennismælinga skal skila í réttum einingum. 3) Niðurstöður lekaeftirlits á olútönkum skulu fylgja öðrum skráningum. 4) Botnþykktarmæla þarf heygða olútanka í samræmi við kröfur í reglugerð. Tvö frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram: 1) Styrkur COD í frárennismælingum árin 2022 og 2023 var yfir leyfilegum mörkum. 2) Styrkur svifefna í frárennismælingu árið 2022 var yfir leyfilegum mörkum. Unnið var eftir úrbótaáætlun og voru áætluð verklok 31.12.2023.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölverksmiðju Brims á Akranesi. Vinnsla á kolmunna var í gangi þegar eftirlitið fór fram.

Brim er með starfsleyfi sem var gefið út þann 4.12.2013 og gildir til 4.12.2029. Samkvæmt starfsleyfinu er rekstraraðila heimilt að framleiða úr allt að 1.000 tonnum af hráefni á sólarhring.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Sköðunarferð

1. Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti
Í eftirliti 2023 komu fram fjögur frávík. Tveimur þeirra var lokað í bréfi með eftirlitsskýrslu en tvö, sem bæði eru vegna þess að frárennsli stóðst ekki þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi, voru enn opin þegar eftirlitið fór fram. Úrbótaáætlun rekstraraðila gerði ráð fyrir að bæta síun á hráefni í innmötun og bæta dælingu á vökvahlið verksmiðjunnar. Verklök voru áætluð 31.12.2023. Úrbótum vegna fyrra frávíksins, þ.e. styrkur COD í frárennismælingum árin 2022 og 2023 var yfir leyfilegum mörkum, er lokið og frávíkinu því lokað. Netbandi var skipt út fyrir snigil og á honum er sía sem síar vökva frá hráefni. Vökvinn er leiddur í rorum í lokaðan geymi og úr honum er hægt að dæla vökva aftur inn í framleiðslurásina. Úrbótum vegna hins frávíksins er ekki lokið en áætluð verklok skv. nýrri úrbótaáætlun eru 30.9.2024.

2. Eftirlitsmælingar og skráningar
Grænu bókhaldi var ekki skilað fyrir 1. maí 2024.

Útstreymisbókhaldi var ekki skilað fyrir 1. maí 2024.

Mælingar voru gerðar á frárennsli verksmiðjunnar í lok apríl 2024. Vegna bilunar í mælitækjum tókst ekki að mæla í sólarhring eins og skilyrði er og verður mælingin því endurtekin. Rekstraraðila er bent á að skoða forsendur útreikninga s.s. magn unnins magns þann sólarhring sem mælt er og að skila skal niðurstöðum mælinga í réttum einingum, s.s. að magn svifagna á að skila sem g/tonn hráefnis.

Mælingar á TVN hafa ekki borist í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

Lýsislagnir 1, 2 og 3 voru þrýstiprófaðar í ársbyrjun 2020. Skipt var um lögn 1 árið 2023 en hinar lagnirnar þarf að prófa í síðasta lagi í ársbyrjun 2025.

Olíulögn milli birgðatanks og dagtanks var þrýstiprófuð 26.5.2015. Ekki eru til upplýsingar um nýrri mælingar. Ekki eru til upplýsingar um að stutt niðurgráfin lögn á milli dagtanks og verksmiðju hafi verið þrýstiprófuð.

Lýsisgeymar verksmiðjunnar voru allir þykktarmældir árið 2019. Tveir olíugeymar eru á lóðinni og eru þeir báðir heygðir. Lekaeftirlit skal fara fram á þeim og er rekstraraðila bent á að láta niðurstöður þess fylgja með öðrum skráningum sem þarf að skila til Umhverfisstofnunar. Lekaftirlit kemur ekki í stað botnþykktarmælinga, sbr. 50. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og 5. tl. 20. gr. sömu reglugerðar og gerir Umhverfisstofnun því kröfu um að geymarnir verði botnþykktarmældir sem fyrst.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumatið og það uppfært. Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

4. Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti

Tryggingaskírteini vegna bráðamengunar er til staðar.

Verksmiðjan er ekki með ISO vottun en MarinTrust vottun hennar er í gildi.

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar var uppfærð í desember 2023.

Áætlun gegn loftmengun var endurskoðuð í desember 2023 en þarfnast uppfærslu m.t.t. umræðu um hvaða áhrif vindáttir hafa á vinnsluna.

Ekki hefur verið farið fram á vöktunaráætlun.

Áætlun vegna bráðamengunar var uppfærð í desember 2023.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila.

Í eftirliti árið 2023 var gerð ábending um að geyma þurfi efni þannig að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið. Enn eru efni geymd nálægt opnum niðurföllum og er það því skráð sem frávik nú. Auk þess eru saltpéturssýra og sódi geymd í sama rými sem er ekki ráðlegt. Öryggisblöð voru til staðar og aðgengileg.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 3.3 í starfsleyfi

Grænu bókhaldi ársins 2023 var ekki skilað fyrir 1. maí 2024.

Gr. 3.3 í starfsleyfi

Útstreymisbókhaldi ársins 2023 var ekki skilað fyrir 1. maí 2024.

Gr. 3.3 og gr. 3.2 í starfsleyfi

Niðurstöðum TVN-mælinga var ekki skilað fyrir 1. maí 2024.

2. tl. 20. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi

Niðurgrafnar olíulagnir hafa ekki verið þrýstiprófaðar síðan árið 2015.

Gr. 2.24 í starfsleyfi

Saltpéturssýra og sódi eru geymd í sama rými nálægt opnu niðurfalli.

ÁBENDINGAR


Fjórar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Skoða þarf forsendur, s.s. unnið magn, í útreikningum á magni COD og svifagna í frárennsli.
- 2) Niðurstöðum frárennismælinga skal skila í réttum einingum.
- 3) Niðurstöður lekaeftirlits á olíutönkum skulu fylgja öðrum skráningum sem er skilað til eftirlitsaðila.
- 4) Botnþykktarmæla þarf heygða olíutanka í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.07.2024



Freyr Ávarsson

